



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

52. tölublað 6. árgangur febrúar 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öðing

## Gáta febrúar

Hvað er hægt að finna í tónum vasa?

Svar: Gat

## Muna aukafötin

Allir nemendur hafa geymsluhólf fyrir aukaföt, allir fara út alla daga og því mikilvægt að það sé þægilegt að leika og læra úti í hlýjum fötum.



## Símanúmer



Aðalnúmer: 460-4970  
Skólastjóri: 460-4971  
Kötlukot: 460-4973  
Eldhús: 460-4979

## Kæra skólasamfélag!

Febrúar heilsar okkur með öllum sínum uppbrotsdögum s.s. bolludegi, vetrarfrii, viðtalsdegi, konudegi og fleira og fleira skemmtilegt. Í febrúar endar vetrarönn og vorönn byrjar 13. febrúar. Það er gaman að segja frá því að í janúar bættust við tveir nemendur í 1. bekk þau Emelía sem kemur úr Kópavogi og hann Ólafur sem kemur frá Akureyri en hann var hér á Kötlukoti. Við tökum vel á móti þeim og fögnum fjölgun nemenda. Það er því bjart og skemmtilegt framundan í Árskógar skóla.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Dagur leikskólans

**Mánudaginn 6. febrúar verður Dagur leikskólans** haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslensku leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.

Í tilefni dagsins ætlum við að bjóða foreldrum og aðstandendum að kíkja í skólann okkar kl: 10:30. Börnin á Kötlukoti eru búin að vera að vinna verkefni tengd þorranum og æfa lag sem þau ætla að flytja. Hlökkum til að sjá sem flesta.



**Bolludagur og öskudagur** verða með hefðbundnu sniði hér í skólanum.

Á **bolludaginn** sjá elstu nemendur um bollubúð og allir fá að fara í búðina og gæða sér á bollu.

Á **öskudaginn** (1.mars) verður veitt **söngfrí** fyrir þá sem þess óska (foreldrar þurfa að fá leyfið).

Börnin sem koma og ætla að eiga skemmtilegan dag með okkur mega endilega mæta í

búningum. Kötturinn verður sleginn úr tunnunni og boðið er upp á andlitsmálningu fyrir þá sem

vilja. **Á öskudaginn lokar skólinn 12:00.**



## Dagur stærðfræðinnar 3. febrúar og stærðfræðisprettur!

Föstudaginn 3. febrúar er Dagur stærðfræðinnar. Þann dag er starfsdagur í skólanum en einmitt þá ætla kennarar skólans að undirbúa svokallaðan stærðfræðisprett leik- og grunnskólastígs. Markmiðið er að leggja sérstaka áherslu á hinar ýmsu hliðar stærðfræðinnar gegnum spil, leiki og hvað annað sem okkur dettur í hug að vinna með úti og inni. Markmiðið er að vekja sérstaka áherslu á stærðfræði í ákveðinn tíma með áherslu á jákvæðni og fjölbreytni. Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í þessu með okkur og í framhaldinu verði enn skemmtilegra að læra stærðfræði sem er allt í kringum okkur og margir hlutir sem foreldrar geta gert tengt stærðfræði með börnum sínum, nánar um það síðar.

Markmið með **Degi stærðfræðinnar og stærðfræðispretti** er tvíþætt:

-að vekja nemendur og sem flesta aðra til umhugsunar um stærðfræði og hlutverk hennar í samfélaginu.

-að fá nemendur til að koma auga á möguleika stærðfræðinnar og sjá hana í víðara samhengi.

**Dæmi um verkefni:**

**Fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla, Ræningjaspilið**

**Fyrir yngsta og miðstig grunnskóla, Þrír í röð**

**Fyrir miðstig grunnskóla, Bingó og Frumtöluspil**

**Meira síðar þegar spretturinn hefst!**



## Opnunartími, símanúmer, heimasíða, skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Síminn er 460-4970, Kötlukot 460-4973, skólastjóri 460-4971

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Munið eftir öllum mikilvægu upplýsingunum á [heimasíðunni hér](#).

Við erum á Facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>



náms **Á**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öðing

# Viðburðadagatal febrúar 2017

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

		1	2	3 Skipulagsdagur LOKAÐ 	4	5
6 Dagur leik- skólans 	7	8	9	10 Vetrarönn lýkur	11	12
13 Vorönn hefst  Matsmöppur heim	14	15 Viðtöl 1.-4.b 	16 Vetrarfrí LOKAÐ	17 Vetrarfrí LOKAÐ 	18	19 Konudagur
20	21	22	23	24	25	26
27 Bolludagur  Elvý Inga 8 ára 	28 Sprengidagur 	1. mars öskudagur Skóli lokar 12 				